



**Ræða  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á Vopnafirði  
Opinber heimsókn  
23. september 1999**

Ágætu Vopnfirðingar  
Norðmýlingar  
og aðrir góðir samkomugestir

Mér varð hugsað til þess fyrr í dag hve sagan og bókmenntirnar, fornar og nýrri, eiga djúpar rætur hér á Vopnafirði. Allt umhverfis okkur eru söguslóðir og efniviður skáldverka sem í musteri íslenskrar menningar eiga sér tryggan sess í öndvegi.

Hér á Vopnfirðinga saga sinn heimavöll, mögnuð frásögn um mannlíf, valdatog, ættarerjur, búskap og daglegt líf, hetjur og ofurkappsmenn, ástir og erfið forlög. Brodd-Helgi bjó að Hofi, "afbrigði þeirra manna allra" er hér fæddust, lagðist í deilur á ungum aldri, var aðeins tólf ára þegar hann gerði sinn fyrst mann sekan eftir átök um beitarrhaga. Og meitluð er hún og minnisstæð frásögnin um samband hans og Höllu, ást og skilnað, og deilurnar við Geiti í Krossavík.

Vopnfirðinga saga hefur orðið fræðimönnum drjúgur efniviður í margvíslega umfjöllun og dregið athygli umheimsins að ykkar heimaslóðum og svo mun verða enn frekar í framtíðinni.

Bandaríski fræðimaðurinn og háskólakennarinn Jesse Byock, sem af mörgum er talinn einn helsti sérfræðingur um Íslendinga sögur og menningu

víkinga og miðalda, ekki aðeins í heimalandi sínu heldur einnig um veröld víða, hefur nýlega lokið miklu verki: Samningu kennslubókar í íslensku sem ætluð er námsfólki og fræðimönnum við háskóla og æðri menntastofnanir í gervöllum hinum enskumælandi heimi. Vopnfirðinga saga er í heild sinni kjarni þessarar merku útgáfu; sá texti sem höfuðþættir kennslunnar miðast við. Fylgja honum ítarleg kort og lýsingar á staðháttum og kennileitum, bæjarheitum og örnefnum hér í firðinum. Segir mér svo hugur um að fáir ef nokkrir staðir, nema ef vera kynni Þingvellir, verði innan tíðar jafn vel þekktir í samfélagi bókmenntafræða og menningar, vestan hafs og austan, og ykkar kæri Vopnafjörður. Liggur við að fljótlega þurfi að hefjast handa til að geta í framtíðinni tekið við öllum þeim gestum sem munu vilja líta með eigin augum ykkar merku söguslóðir eftir að hafa kynnst hinni góðu sögu Vopnfirðinga í útgáfu Jesse Byock.

Ég hef haft af því mikla ánægju undanfarin tvö ár að fylgjast með verklagi prófessors Jesse Byocks, með hvaða hætti hann gerir Vopnfirðinga sögu að kjarnanum í kynningu á íslenskri tungu og menningu í bók sinni. Við höfum rætt þetta framtak hans oft en einu sinni, nú síðast fyrir tveimur vikum og þá bað hann mig að færa ykkur Vopnfirðingum kveðjur sínar og árnaðaróskir því vissulega vonar hann að verkið sem út kemur innan tíðar verði heimabyggð ykkar til gagns og framdráttar.

Íslensk stjórnvöld hafa veitt þessu verki góðan stuðning og sama gildir um menningarsjóði og fræðastofnanir í Vesturheimi. Má til gamans geta þess að forsetafrú Bandaríkjana Hillary Rodham Clinton hefur nýlega óskað eftir því að prófessor Byock verði henni sérstakur fræða- og sagnaþulur í heimsókn hennar til Íslands í næsta mánuði, og þá má þess vænta að frú Hillary Clinton verði handgengnari leyndardómum Vopnfirðinga sögu en títt er um fólk í æðstu stöðum í Washington og aldrei að vita nema Hof og Hagi, Brodd-Helgi og Halla Lýtingsdóttir fari að skjóta upp kolli í ræðum hennar og ritum.

Reyndar létu Austfirðingar ekki staðar numið fyrr á öldum við að færa heiminum ódauðlegar bókmenntir og efnivið í aðrar heldur hafa þeir haldið því áfram fram til okkar tíma, og eru enn að verki.

Sagt er að Halldór Laxness hafi sótt innblástur og fyrirmyndir að Sjálfstæðu fólki í Jökuldalsheiðina. Engin bók íslensk frá þessari öld hefur

hlotið slíkan virðingarsess á Vesturlöndum enda hefur nafnfrægur gagnrýnandi talið Sjálfstætt fólk til hundrað helstu sagnaverka þessarar aldar.

Bjartur og Sólliljan, Rauðsmýrarmaddaman og hreppstjórinn hafa orðið fleirum en okkur Íslendingum efniviður í sorg og gleði. Það var mér að minnsta kosti mikil reynsla nú í sumar að vera í heiðursstúkunni á Ólympíuleikum þroskaheftra í Norður-Karólínu ávarpaður af Kathlene Kennedy dóttur Róberts sem var dómsmálaráðherra í forsetatíð bróðurs síns með spurningu um heiðina, fjöllin, dalinn og sveitina þar sem Bjartur byggði sín Sumarhús en þá hafði þessi unga kona, sem margir telja efnilegasta stjórnmalaleiðtoga yngstu kynslóðar Kennedy fjölskyldunnar, verið andvaka vikunnar á undan við að lesa Sjálfstætt fólk.

Og ekki má gleyma afa á Knerri, Beggu gömlu, Ugga og öðrum góðum persónum Fjallkirkjunnar sem Gunnar Gunnarsson, annar helsti skáldjöfur Íslendinga á fyrri hluta þessarar aldar, færði þjóðinni frá ættarlóðum sínum hér í Vopnafirði.

Upphafsorð Fjallkirkjunnar eru einstök lýsing á sakleysi bernskunnar, um leið og þau eru óður til þess góða mannlífs sem hér þreifst, sígild og sammannleg austfirsk endurminning:

„Þau ár, þegar ég enn var ungur og saklaus, að erfðasyndinni undanskilinni, þau ár, þegar viðburðir lífsins miðluðu mér reynslu, sem var laus við beiskju, þau ár, þegar vorkunn mín með öllu lifandi var ógagnrýn og einlæg, þau ár, þegar Guð stóð mér fyrir hugskotssjónum sem örlátur og vingjarnlegur föðurafi, Fjandinn eins og dálítið varasamur og duttlungafullur móðurafi, en undir niðri heimskur og meinlaus, þau ár, þegar ljósið var í senn bæði ljós og sigursælt ljós og allt myrkur og allan ótta mátti særa burt með einu Faðir vori eða signingu, þau ár, þegar ég grillti ekki kvöldið á morgnana og sat öruggur í skjóli undir grasi grónum moldarvegg og lék mér að stráum, þau ár eru liðin og koma aldrei aftur.

Og það voru ekki árin ein, sem liðu, margt af fólki þess tíma er nú ekki lengur, en sumt komið á tvist og bast, jafnvel minning þess lýsir stopulu ljósi eins og stjarna, sem gægist fram við og við gegnum skýþykkni.”

Þessi frábæri texti er jafnframt minnismerki um samvinnu og vináttu tveggja öndvegisskálda Íslands á þessari öld, texti Gunnars í íslenskri gerð Halldórs Laxness; vopnfirsk reynsla orðin skínandi gimsteinn íslenskra bókmennta.

Það er vissulega í anda þessarar arfleifðar að þið Vopnfirðingar hafið á síðari árum skapað hér menningardaga og vikur sem vakið hafa athygli alþjóðar fyrir frumleika, atorku og víðsýni; sönnun þess að í austfirskum byggðum býr enn sá andi sem veitir hirðmönnum listanna innblástur til ódauðlegra verka.

Menningarviðburðir á Vopnafirði hafa verið þjóðinni þörf áminning um að rækta vel efniviðinn sem býr í byggðum landsins, að varðveita hæfileika til nýrra verka og listrænnar túlkunar, hæfileika sem setja í ríkum mæli svip á mannlíf í fjörðum og til dala, að minnast ætíð þess lærdóms að íslensk menning er því aðeins gædd krafti til sköpunar að ræktun hennar nærast enn og um ókomna framtíð á lífskraftinum í landsbyggðinni. Og framtak ykkar hefur líka verið áminning til okkar allra um að list og menning eru sameign þjóðarinnar og mega ekki vera bundin við starfstíma stofnana innan byggðamarka höfuðborgar.

Framtak ykkar ber að þakka og lofa á þessari stundu um leið og ég óska ykkur heilla og velfarnaðar á slíkri braut.

Í raun búið þið að einstæðum fjársjóði sögu og menningar sem getur ásamt öðru orðið uppspretta lífskjara og velsældar á nýrri öld. Mannauðurinn er ekki síður verðmæt náma en auðlindir hafsins og ræktað land. Sambýli sjávar og sveita hefur hér í firðinum skapað stolt og sjálfstætt samfélag sem býr vel að sterkum ættarstofnum, fágætum perlum og sagnabálkum.

Svo sterkir eru stofnarnir ættaðir héðan úr firðinum að þegar við Dalla dóttir mín vorum í sumar á slóðum Íslendinga í Vesturheimi, í kanadísku fylkjunum Alberta og Saskatchewan og á einstæðum Íslendingadögum í Norður-Dakóta þá heilsaði okkur bæði í Bandaríkjunum og Kanada fjöldi fólks sem með stolti og gleði rakti ættir til Vopnafjarðar og bað fyrir einlæggar kveðjur til heimabyggðar afa síns og ömmu, langafa og langömmu.

Það snart okkur feðgin djúpt þegar þessir Vopnfirðingar í Vesturheimi minntust með tárin í augunum heimabyggðar forfeðra sinna og mæðra, röktu bæi og byggð hér í firðinum og sögðu að hér væru þeirra rætur. Þó hafði fæst af þessu fólki hingað komið, aldrei augum litið Digranes, Kollumúla og Kolbeinstanga né heldur horft á sumarkvöldi eða vetrarmorgni til Smjörfjalla eða Hofsárdals.

Vopnafjörður var samt kjölfestan í lífi þeirra. Og í huga margra bjó enn vonin björt um að komast hingað heim í fjörðinn, gerast pílagraímar á ættarslóðir áður en ævin væri öll.

Vissulega væri gaman ef við gætum í sameiningu ræktað þessi tengsl við ættfólk okkar í Vesturheimi, búið til dagskrár sem helgaðar væru heimsóknum þessa frændfólks okkar og vina, sýnt þeim túngarðinn þar sem afinn og amman voru að leik, boðið til bænastunda í gömlum kirkjum, leitt þau að leiðum forfeðranna, haldið til heiða og fjalla sem vestan hafs lifa í frásögninni, sýna að enn getur Vopnafjörður og aðrar ættarbyggðir orðið þeim athvarf og endurnýjun.

Við þurfum að senda hédan boðskapinn um að þau séu öll velkomin heim og ég veit að hér á Vopnafirði býr ríkur vilji til að sinna slíku verki.

Það hefur verið ógleymanlegt að eiga með ykkur þennan góða dag. Ég þakka ykkur af öllu hjarta fyrir frábærar móttökur, vináttu og góðan hug og óska ykkur farsældar og velgengni um ókomna tíð.